

Landsmót STÍ í haglabyssugreininni Skeet, var haldið á Blönduósi um helgina. Í kvennaflokki sigraði Helga Jóhannsdóttir úr Skotíþróttafélagi Suðurlands, önnur varð Dagný H. Hinriksdóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur og í þriðja sæti María R. Arnfinnsdóttir úr Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

Í karlaflokki sigraði Guðlaugur Bragi Magnússon úr Skotfélagi Akureyrar, annar varð Guðmundur Pálsson úr Skotfélagi Reykjavíkur og í þriðja sæti Jakob Þ. Leifsson úr Skotíþróttafélagi Suðurlands.

Í liðakeppninni sigraði sveit Skotfélags Reykjavíkur (Guðmundur Pálsson, Þorgeir M. Þorgeirsson, Gísli Þ. Friðriksson) með 264 stig, önnur var sveit Skotfélags Akureyrar (G. Bragi Magnússon, Daníel L. Heiðarsson, Sigfús. H. Á. Jóhannsson) með 257 stig og í þriðja sæti sveit Skotdeildar Keflavíkur (Reynir Þ. Reynisson, Ingi Þ. Reynisson, Reynir Þ. Reynisson) með 190 stig.

Nánari úrslit má finna á úrslitasíðunni [á www.sti.is](http://www.sti.is)